

13/1 '71

Vesturlandsumdæmi

S T A R F S S K Y R S L A

1 9 7 0

Daniel Kristjánsson

skógarvörður.

STARFSSKÝRSLA

skógarvarðarins á Vesturlandi, 1970.

Vedráttu: Vetur var kaldur frá áramótum, og vorið afar kalt og úrkamusamt. Klaki var mikill í jörd og greri því seint, varla grænn litur í túnum í uppsveitum Borgarfjardar fyrr en upp úr mánaðamótum maí og júní. Þó tók júlímánuður útyfir allt, þá voru kuldar og komst hitastig vart herra dögum saman en 6 - 7 gráður og stundum minna.

September og október voru veðragóðir og ekki kaldir en um mánaðamót okt.- nóv. gerði hörb frost er héldust fram eftir nóvembernánuði og kom þá allmikill klaki í jörd. Desember var hlýr og úrkamusamur. Gerði eitt mesta vatnsflóð 9. og 10. des., sem komið hefur í Borgarfirði síðan 7. sept. 1933.

Árið kveður með góðviðri.

Vöxtur trjáa o.fl.: Skógr var á Vesturlandi laufgaðist ekki fyrr en um 8. júní og mun það vera það síðasta sem ég veit að skógr hafi laufgazt. Vöxtur barrplantna var mun lakari í sumar en 1969 og stafar það án efa af hinu hörmulega tíðarfari í júlímánuði sem á samkvæmt tímatali og íslenzkum staðháttum að vera bezti mánuður ársins fyrir allan jardargróður. Prátt fyrir erfitt tíðarfari urðu engin áföll á barrplöntum sem komnar voru á legg. Tré urðu ekki brún og engin merki sáust um næringarskort sem lýsir sér oft í rauðgreni á þann hátt að plöntur verða óeðlilega fölar. Hinsvegar eru ungar barrplöntur mjög illa undir slík árferði búnar og kemur í þær kyrkingur í bili.

Fræfall var nálega ekkert í sumar, og auk þess gerði aftaka storma eftir miðjan september sem eyðilagði þann vísi sem var að fræi.

Starfsfólk. Sem að undanförnu hef ég orðið að styðjast einvörðungu að kalla við unglingsvinnu - hef haft einn mann, menntaskólanema úr Reykjavík sem verið hefur hjá mér í 5 sumur og er ordinn vanur þessum störfum en fer núna burtu. Því hefur verið haldið fram við mig að betra væri að fá flokk af vönum mönnum til að vinna þessi verk. Vist væri það betra, en geta yfirmenn skógræktarmála fengið vant fólk til að vinna þessi störf hverju sinni, og væri það ekki nokkuð dýr vinnukraftur fyrir fátækt skógræktarinnar að greiða þeim vönu mönnum sambærilegt kaup með tilheyrandí frístundum sem greidd eru í opinberri vinnu við hliðina á unglungunum mínum.

Ég er hræddur um að Skógrækt ríkisins þyrfti að greiða meira fjármagn fyrir þá vinnu hér, sem ég læt vinna með unglungum eingöngu sem ég ræð eftir hendinni, heldur en vanan vinnuflokk sem ætti að bera jafnmikið kaup úr býtum og aðrir aðilar greiða hér. Auk þess ræður sig enginn í vor- og sumarvinnu nema að hafa trygga atvinnu frá vori til hausts og jafnvel fram yfir veturnætur.

En bezt af öllu væri fyrir þá sem eiga að stjórna verkunum að útiloka algjörlega unglungana frá vinnu og fá einvörðungu þjálfada

starfsmenn, og væri ég þakklátur fyrir þau skipti. Hinsvegar gæti svo Skógræktarfélag Íslands haldið vakandi áhuga almennings á því hve nauðsynlegt það er að koma unglungum í skógræktarstörfin - bæði fyrir unglingana sjálfa og skógræktarstarfið.

Girðingar: Ný girðing var girt í Síðumúla og Fróðastaðalandi í hlíðinni a milli bæjanna ofan vegar og liggur girðingin meðfram veginum. Girðingin er um 2.1 km. á lengd og er um 25 ha. Landið er leiguland. Í girðinguna fóru 130 járnstaurar, 10 hornstaurar og 460 renglur, 22 girðingarnet, auk þess gaddavír og sléttur vír ásamt bindivír. Girðingin er vönduð og vonir til að ekki þurfi að gera við hana í nánni framtíð.

Landið er skóglauð með öllu, en liggur móti suðri, er halllent og í því lítill gróður en nægur raki. Lönd á þessum slæðum liggja ekki á lausu - allra sízt til skógræktar.

Nú er sú stefna allt í einu ríkjandi að heita má að slegizt sé um hvern blett sem til leigu eða sölu er. Hér er um að ræða áhrif frá fólk í kaupstöðum, einkum Reykjavík, sem sækir mjög í summarbústadalönd og margir kaupstaðabúar eru því miður svo stórtækir að þeim nægir ekki minna en stór landflæmi, auk þess koma veidimál mjög víða við sögu í sambandi við jarðakaupamál, en allar jarðir sem einhver vatnsréttindi eiga eru í háu verði og raunari hin lfska. Þá ber þess að geta að allvífða er landþróng í sambandi við búskap, og eru bændur ekki aflögufærir með lönd til skógræktar af þeim ástæðum.

Til eru þeir sem fordæma tilraunir með skógrækt í skóglausu landi. Þetta er misskilningur. Skógrækt ríkisins verður nú að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að sannfæra fólkid í landinu um að hægt sé að rækta skóg víðar en í birkikjarrinu, ef rétt er að unnið. Og þess vegna eiga skógræktartilraunir rétt á sér á stöðum sem Síðumúla, Reykholti og fleiri skóglausum löndum.

Skógarhögg - grisjun fór fram með svipuðum hætti og áður. Grisjað er frá væntanlegri gróðursetningu ár hvert þegar gróðursett er í kjarr- og skóglendi. Að þessu sinni var mikið grisjað frá eldri gróðursetningu í Jafnaskardsskógi - og er þó enganveginn fullnægjandi því svo ör hefur vöxtur verið á barrplöntum þar undanfarin ár, að innan skamms tíma verður að fjarlægja allt birki á allstórum svæðum. Í Nordtunguskógi var grisjað og þar unnu Nordmenn að grisjun nokkra daga.

Framundan er mikið verkefni við grisjun í Jafnaskardsgirðingu, Hvammsgirðingu, Stórafjallsgirðingu og Ytrafellsgirðingu.

Áburðargjöf var töluverð í sumar og var framkvæmd í júlí - ágúst. Nest var borið á í Jafnaskardsgirðingu og Nordtunguskógi.

Nokkuð virðist á huldu um notagildi áburðar í skóglendi hér, en þó virðist sumt benda til þess að þar sem stefnt er að jólatréssölu sé réttlætanlegt að bera á trén, þau verða blæfallegrir, en ef miða á við framtíð trjánna sem væntanlegs skógvíðar er sennilegt að bezt muni að láta náttúruna sjálfa um uppeldi plantnanna.

Græðireitur: Dreifsettar voru eftirgreindar plöntur:

Rauðgreni	Levanger	2/0	B-651664	46.555	Tunnasi.
Rauðgreni	Trysil	2/0	B-651665	17.767	
Stafafura		2/0		6.520	
Viðja	Nordtungusk.			4.000	
			Samtals	74.842	

Að þessu sinni var birki ekki fáanlegt til dreifsetningar. Í reitinn uppi á Barðinu var bætt 800 birki og 300 viðjum.

Næsta vor koma sennilega (síðumars)	Birki	8.000
	Rauðgreni	10.000
	Stafafura	6.000
	Viðja	2.000
	Samtals	26.000

Síðastliðið vor komu úr reitnum 25.775 plöntur, sem fóru í ýmsar gírdingar.

Stafafura	3.000
Rauðgreni	13.925
Bergfura	2.250
Hvítgreni	100
Birki	6.500
	Reykholtsall.
Samtals	25.775 plöntur

Nálega allar barrplönturnar fóru í Norðtunguskógg en birkið í Reykholtsgírdinguna.

Mögundanfarin ár hef ég óskad eftir jarðvegsrannsókn f
græðireitnum og um leið ábendingum um áburðarnotkun. Þessum óskum
hefur ekki verið sinnt.

Gróðursætning: á vegum Skógræktafriðsins á Vesturlandi var
sem hér greinir:

Norðtunguskógar:

Rauðgreni	2/2 Meldal	10.850
Rauðgreni	Tumast.	23.350
Rauðgreni	Fossv.	3.000
Stafafura	2/2 Hazelton B.C.-B673	1.000
Stafafura	3/2 Barkeville No.593	1.800
	Samtals	40.000

Jafnaskarðsgírding:

Rauðgreni	Tumast.	2.000
Rauðgreni	Fossv.	7.000
Stafafura	2/2 (Vöglum)	Vansa Lake 2.000
	Samtals	11.000

Reykholtsgírding:

Birki	2/2 Bæjarst.	Samtals	4.200
-------	--------------	---------	-------

Alls hefur verið gróðursett á vegum Skógræktafriðsins
55.200 plöntur.

Upplýsingar um aldur og kvæmi plantna frá Tumastöðum hafa
ekki borizt og ekki úr Fossvogi, en það verður leiðrétt þegar
upplýsingarnar koma.

Vegagerð var engin á árinu, en aðkallandi nauðsyn er að gera
akfæra vegarspættu í Jafnaskarðsgírdingu og raunar fleiri stöðum.

Byggingar voru engar á árinu, en nauðsynlegt viðhald húsa í
Norðtunguskógi var framkvæmt og öllu haldid í góðu horfi án mikils
kostnaðar.

Sem áður hefur verið greint frá eru hér lítil og ódýr húsakynni
á vegum skógræktafriðsins - engir bílar og engar vélar.

Ferðalög o.fl.: Ég var fjarverandi í erindum skógræktafriðsins á
árinu 188 daga, auk þess innti ég af hendi störf í þágu skógræktafriðsins
heima með bréfaskriftum, skyrslugerð, símtölum, eftirlit með giroingum
og vinna fyrir Skógræktafélögin.

Langmest af tímanum var ég hjá unglingsunum sem vinna að skógrækt í héraðinu en halda oftastnær til í Nordtunguskógi.

Ferðalög eru mikil - bæði flutningar á fólk, plöntum, girðingaeftni og farangri í sambandi við skógræktina. Auk þess er ég beðinn að koma á fjölda staða til leiðbeininga og á annan hátt að leggja skógræktarmálum lið. Þá sinnti ég málum skógræktarsélaganna bæði í Borgarfirði og Dalasýslu, enn fremur er ég kvaddur til ráða og leiðbeininga fyrir gróðurverndarmál. Helstu ferðir sem ég fór eru þessar:

Fimmtanda til 21. mars var ég á Skógarvarðafundi í Reykjavík, 9. - 10. og 11. apríl ferðaðist ég með skógræktarstjóra um Akranes að Jarðlangsstöðum, Bifröst o.fl. 15. maí var ég beðinn um aðstoð til að velja skógræktarland að Gautastöðum í Dalasýslu og skrifaldi ég alllanga greinargerð um það mál til hlutadeigandi aðila.

5. júní mætti ég á fundi Skógræktarsélags Dalamanna í Búðardal og ræddi við þá um störfin sem framundan væru.

9. júní fór ég að Hítardal til að velja land til uppgræðslu.

27. júní var ég við sáningu á 6 tonnum af fræi og áburði í Hítardal og stjórnæði ég því verki.

8. og 9. júlí var ég að Laugum í Dalasýslu og stjórnæði 25 manna vinnuflokki unglingsa við gróðursetningu og áburðargjöf. Auk þess ferðaðist ég í nokkrar skógræktargirðingar á félagssvæðinu í Döllum.

4. - 9. ágúst, að báðum dögum meðtöldum, var ég með 8 Norðmenn sem voru hjá mér í Nordtunguskógi. Ferðaðist ég með þá vítt um Borgarfjarðarhérað og að síðustu fór ég með þá í Stykkishólm.

19. ágúst tók ég á móti 70 manns, öldruðu fólk úr Borgarnesi og sýndi því næsta umhverfi í Nordtunguskógi og skýrði fyrir því hvað hér væri unnið. Þar voru á ferð þakklátir ferðamenn, fyrir það sem þeir sáu og heyrðu.

28. ágúst fór ég að Kletti í Reykholtsdal og ræddi við Hermann Jónasson.

3. sept. ferðaðist ég um héraðið vegna skuggamyndatöku, ásamt Reyni Ásberg. Er þegar kominn fram árangur af því ferðalagi.

8. og 9. sept. fór ég að Skógum í Porskafirði og athugaði skógræktarstörf hinna nýju eigenda Skóga. Það er sorgarsaga hvernig skógræktarframkvæmdir þar tefjast, þar hefur ekkert gerzt nema búið að friða melinn eftir minni fyrirsögn og lítilsháttar grisjun framkvæmd í gamla lundinum, eftir minni beiðni líka. En petta verður ekkert lag á þessu nema að ég fái heimild til að framkvæma þarna grisjun og gróðursetningu sem eignedur svo borguðu eftir reikningi. En að fólk sem ekkert kann til verka sé að bjástrá í þessu, er tilgangslaust og tel ég að girðingaframkvæmdir Skógræktar ríkisins á þessum stað séu það réðháar að við eignum skilyrðislaust að fá full umráð^a framkvæmdum í þessari girðingu.

11. - 12. sept. ferðaðist ég með skógræktarstjóra um héraðið.

10. október fór ég vestur í Fróðárhrepp og athugaði eyðibýlið Hlíðartún með tilliti til skógræktar og er petta gert samkvæmt beiðni frá Ásgeiri Ásgeirssyni frá Fróðá, sem á petta land - og einnig samkvæmt bødi skógræktarstjóra. Ég hef skrifð skýrslu um þessa ferð og sent hana hlutadeigendum og vísa til hennar um frekari upplýsingar.

9.-10. nóv. fór ég til Reykjavíkur í erindum skógræktarinnar.

Hér hefur verið drepið á örfaðar ferðir, en fjölda annarra ferða er ekki getið hér sérstaklega, sem eru þó ekki þýðingarminni margar hverjar, en þær sem taldar eru hér að framan.

Þá mætti ég á nokkrum útbreiðslufundum um skógræktarmál á þessu ári, flutti þar erindi, sýndi myndir og tók þátt í umræðum.

Lokaord: Það líður sennilega svo minn starfsferill hjá Skógrækt ríkisins, að ég verð eini skógarvörðurinn úti á landi sem aldrei fær húsnæði frá Skógræktinni, sem mér ber þó að lögum.

Pá vil ég vekja athygli á því, að aðrir skógarverðir fá bíla og traktora til afnota við störfin og auk þess greiðslu fyrir afnot eigin bíla, en mér er ætlað sama gjald fyrir minn bíl, sem ég verð að nota í öll störf, t.d. flutninga á vörum, starfsfólk o.fl. fyrir Skógrækt ríkisins.

Enda er það staðreynd að ég verð að endurnýja bíla mína 3ja hvort ár, vegna óhólflegra afnota, auk þess verð ég að miða bílakuap míni við flutningaparfir starfsins en ekki hvað heilsu minni væri nauðsynlegt þar sem ég gerist nú líuinn eftir 30 ára starf. Nú parf ég að endurnýja bíl minn fyrir vorið - en get það ekki vegna peningaskorts, því sú greiðsla sem ég hef fengið fyrir bílinn undanfarin ár hefur ekki hrokkid fyrir rekstri hans, hvað þá afskriftum og svo hafa bílar hækkað í verði á s.l. þrem árum um allt að helming. Ég mun ekki una lengur að verða afskiptur þeim rétti sem starfsbræður mínr hafa og vænti þess að fá hlut minn réttan til jafns við aðra skógarverði.

Ég þakka samstarfið á árinu 1970.

A gamlársdag 1970


Starfsskýrsla
Skógarvarðar Vestfjarða
1970

Undirbúningur að sumarstarfinu var skógarvarðafundurinn í Reykjavík, sem stóð yfir dagana 16 - 19 mars, og lauk með veglegum kvöldverði í boði skógræktarstjóra og konu hans að heimili þeirra.

Vettvangs starf hófst hins vegar ekki fyrr en 13. júní á Ísafirði. Þar fór það fram með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Vinnuskóli var starfrektur í 3 vikur við plöntun og hirðingu um plöntur í girðingum Skógræktarfélags Ísfirðinga.

Nokkuð samfelld vinna var í gróðrarstöð félagsins að Kornustöðum. Þar unnu að jafnaði 6 unglingsar 5 stundir á dag undir verkstjórn Simsons. Ennfremur við hirðingu skjólbeltisins við tjaldsteðið svo og við þrif og umhirðu skrúðgarðsins við sumarhúsið.

Grasgróður og annað illgresi var mjög ásækið í sumar vegna þess að ekki var hægt að standa nágu vel að eyðingu sliks gróðurs sumarið 1969 vegna regntíðar. En góður árangur náiðist í sumar.

Mjög árifandi er að auka fjölbreytni í plöntuuppeldi gróðurstöðvarinnar að Kornustöðum til þess að betur verði nýttir þeir tekjumöguleikar, sem felast í vaxandi eftirespurn eftir garðplöntum þar um slóðir.

Skólastjórinna í Reykjanesi hefur friðað nesið fyrir ágangi búifjár og er fullur af áhuga fyrir að auka þar gróður, þeði að magni og fjölbreytni. Eg gróðursetti þar í júní með aðstoð heimamanna 800 sk.pl. birki, bergf. og sitkagr., en í ágúst fór ég þangað með 1 kg. af Alaskalúpínufræi frá Ísafirði og dreifði þar á mela til reynslu.

Girðingin á Laugabóli var í frekar góðu ásígkomulagi undan vetri, enda var hann snjólféttur þar um slóðir. Eg lagferði hana á tveimur dögum við annan mann.

Ágúst plöntun rauðgrenis frá 1969 virðist koma allvel til þar.

Vegna þess hversu óhægt er fyrir Skógrækt ríkisins að sinna girðingunni á Laugabóli, virðist mér að vel veri athugandi, hvort bónunn og eigandi landsins ekki vildi taka hana í sína

umsjá undir yfirstjórn skógræktarstjóra, sem legði til nokkuð af plöntum hvert ár, ef framleiðsla þeirra væri nóg til þess. Bóndinn kostaði plöntun með aðstoð skógarvarðar Vestfjarða.

Önnur leið er, að stofnað verði skógræktarfélag í Norður Ísafjarðarsýslu og að Skógrækt ríkisins framselji rétt sinn á umræddu landi til þess félags sem stofns að sýsluskógi. Eg bendi á þetta til athugunar.

Vöxtur trjágróðurs var litill á Vestfjörðum s.l. sumar vegna óvenju mikils loft-kulda í júlimánuði. Þá var hann til muna meiri um vestanverða firðina og á Barðaströnd en við Djúpið. Í Langabótni mátti sjá góða árssprota á reuðgreni, enn fremur í Vatnsfirði og Mórudal.

Eg tel heillaráð að Landgræðslusjóður leggi í sparisjóð framtíðarinnar og auki verðmáti jarðar sinnar í Botni með því að láta planta þar á hverju ári rauðgreni og sitkagreni.

Trjáreit Jóhanns Skaftasonar, sýslum., við Flókaland hefur umsjónamaður skálans þar lofað að gírða upp á sinn kostnað. Því þarf að fylgja eftir næsta sumar.

Nedra-Hálsi, Janúar 1971

Oddur Andrésson